

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Flóahreppi.

1. gr.

Flóahreppi er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald, sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi nr. 352/2009, 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003 og 11. gr. laga nr. 55/2003. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Fyrir hálfsmánaðarlega tæmingu, sbr. samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi:

a) 240 lítra tunna	15.582 kr.
b) 660 lítra kar	42.880 kr.
c) 1.100 lítra kar	71.369 kr.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Íbúðir	14.854 kr.
Sumarhús	14.854 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	32.411 kr.
Atvinnurekstur lögbýli	17.556 kr.
Seyrulosun íbúðarhús/sumarhús	9.246 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 11. október 2017 og staðfest skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu. Gjaldskrá nr. 1169/2016 fellur úr gildi við gildistöku þessarar.

Flóahreppi, 8. desember 2017.

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2018